



VESTURBERG

## Starfsáætlun 2008-2009

Leikskólinn Vesturberg

Vesturbraut 15

230 Reykjanesbær

Sími 420-3115

Netfang [vesturberg@reykjanesbaer.is](mailto:vesturberg@reykjanesbaer.is)

Veffang: [www.vesturberg.is](http://www.vesturberg.is)

## Ársáætlun 2008-2009

Vesturberg er nú komið í nýtt og glæsilegt sjö hundruð, fjörutíu og sjö fermetra hús. Líkt og áður er Vesturberg opinn, svæðaskiptur leikskóli þar sem rými nemendanna er sameiginlegt og hefur hvert svæði ákveðin uppeldisleg markmið. Nemendur fara frjálst um húsið en kennarar eiga fasta viðveru á svæðunum viku í senn. Kennarar leggja áherslu á að vera til staðar fyrir nemendur en lætur þá hafa sem mest frumkvæði að gjörðum sínum. Markmið svæðaskipulagsins er meðal annars að sjá til þess að hver nemandi njóti sín á eigin forsendum og að þeir fái næði og svigrúm í leik sínum. Lögð er áhersla á að efla frumkvæði, sköpunarþörf og ímyndunarafl nemenda, auk þess að skapa svigrúm til að nemendur geti ræktað vináttu við nemendur og kennara.

Rauði þráðurinn í stefnu Vesturbergs er að virða sjálfsákvörðunarrétt barnsins og það njóti sín sem einstaklingur í barnahópnum.

Heimastofur eru fjórar í nýja húsinu sem nefnast Framnes, Keflavík, Gróf og Vinaminni og er nemendum skipt í heimastofur eftir aldri. Framnes og Keflavík, sem er ein eining vinna saman og þar eru eldri nemendur leikskólans. Í Vinaminni og Gróf dvelja svo yngstu nemendurnir og stofurnar vinna saman. Ákveðin leikefni eru í boði á hvorri einingu.

Í Vesturbergi er lögð rík áhersla á málrækt með aðferðum sem eiga við á hverju svæði. Einkunnarorð leikskólans eru: frumkvæði, vinátta og gleði. Áherslan skólaárið 2008 til 2009 er að læra að þekkja það nýja umhverfi sem við erum komin í, veita börnum, foreldrum og starfsfólki öryggi í leik og starfi.

# Leikskólastarfið næsta skólaár

## Hreyfing

Líkt og í gamla húsinu hafa nemendur ætíð aðgang að hreyfisol sem nefndur er Kiddasalur og þar fara einnig fram hreyfistundir sem allir nemendur fara í einu sinni í viku. Alla daga vikunnar hafa nemendur þó aðgang að Kiddasal þar sem aðstaðan er öll hin glæsilegasta.

## Sköpun

Í Pakkhúsinu fer listsköpun Vesturbergs fram, þangað geta nemendur komið og látið sköpunarþörfina njóta sín. Í Pakkhúsinu hafa nemendur aðgang að ýmsum efnum og áhöldum til dæmis málningu, leir, skærum, lími og pappír ásamt fjölbreyttum efnivið. Líkt og í Kiddasal hafa allir nemendur í Vesturbergi aðgang að Pakkhúsinu og geta sinnt sköpunarþörf sinni og gleði í stóru og glæsilegu rými sem Hildur Harðardóttir aðstoðarleikskólastjóri hefur umsjón með.

## Lestur

Eins og á liðnum árum verður áhersla á lestur í Vesturbergi. Bókasafn leikskólans hefur fengið nýjan stað sem býður upp á hlýlegt og örvandi lestrarumhverfi og einnig er á öllum heimastofum bókahillur sem allir nemendur hafa aðgang að. Á þessu skólaári munu tvær bókahátíðir verða haldnar í Vesturbergi og mun sú fyrri fara fram í janúar og sú seinni í maí í tengslum við Listahátíð Vesturbergs. Eldri árgangar heimsækja Bókasafn Reykjanesbæjar reglulega og er tekið á móti þeim, bóksafnið kynnt og lesið fyrir börnin.

## Vinafundir

Vinafundir munu halda áfram í Vesturbergi og munu allir nemendur leikskólans hittast og eiga notalega stund í Kiddasal þar sem sungið verður saman og mál rædd eins og þurfa þykir. Áætlað er að hafa stundirnar um kl. 9.30 en einnig mun Erla Guðmundsdóttir æskulýðsfulltrúi Keflavíkurkirkju koma í heimsókn nokkrum sinnum yfir veturinn.

## Hópasamvera

Öll börn í Vesturbergi tilheyra samveruhóp. Aldursskipt er í hópa og hittast þeir einu sinni í viku, með sama kennaranum. Ýmislegt er gert í hópasamveru og mætti nefna vettvangsferðir, heimsóknir í bókasafn og margt fleira. Auk þess vinnur hver hópur með bók allan veturinn og kynnir á bókahátíðum leikskólans.

## Elstu barna verkefni/ Pennahópur

Unnið er úr bókunum Kátt er í kynjadal, sem eru aðallega verkefni tengd stærðfræði og markvissri málörvun, sem eins og nafnið gefur til kynna örvar málvitund. Fleira efni er einnig notað eins og til dæmis Ótrúleg eru ævintýrin og svo er unnið með eina ákveðna bók allan veturinn. Nemendur velja sjálfir bók ásamt kennaranum og kynna hana á bókahátíðum leikskólans í janúar og maí í einhverju formi. Markmið með elstu barna verkefnum er, meðal annars, að undirbúa nemendur undir þær miklu breytingar sem verða er þeir hefja grunnskólanám. Eins og undanfarin ár mun Hildur Harðardóttir aðstoðarleikskólastjóri sjá um Pennahóp og hittist hópurinn fjóra daga vikunnar frá kl. 10.00. Pennahópur er fámennur í ár og telur tíu börn og hefur hópurinn Stakk (sérkennslustofu) til umráða.

## Samstarf við heimaskóla

Heimaskóli Vesturbergs er Myllubakkaskóli. Elstu nemendur Vesturbergs heimsækja grunnskólann nokkrum sinnum yfir veturinn og fá að fylgjast með kennslustund, fara í íþróttatíma, skoða skólabygginguna og fleira. Samstarf kennara á skólastigunum tveimur er gott og hefur áætlun verið gerð fyrir kennarana. Á síðasta ári var afar gott skipulag á heimsóknum sem voru og verða áfram í báðar áttir en fyrsti bekkur kemur í heimsókn í Vesturberg í október.

## Menning og hefðir

Í Vesturbergi eru fagnaðarfundir einu sinni í mánuði og er það fjölbreytt sem verður boðið upp á. Sífellt er farið í styttri ferðir um nágrenni skólans og verður því haldið áfram. Þeir dagar sem meðal annarra eru haldnir hátíðlegir eru Dagur íslenskrar tungu, jólahátíð, þorrablót, bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Ömmum og öfum er boðið í heimsókn á vormánuðum og mömmum og þöbbum er boðið í bollukaffi í leikskólann. Undanfarin ár hefur verið keypt ein leiksýning í

leikskólann og er áætlað að halda því áfram í samvinnu við foreldrafélag Vesturbergs. Á vormánuðum undanfarin fjögur ár hefur Listahátíð Vesturbergs verið haldin en síðastliðið vor með öllum leikskólum Reykjanesbæjar, stefnt er á frekara samstarf á vormánuðum 2009. Heimsókn í Vatnaskóg er orðin hefð í hóp elstu barnanna, þá er farin eins dags útskriftarferð þar sem ævintýri eru upplifuð í Vatnaskógi.

### Mat á starfinu, markmið og áherslur

Þar sem nemendur fara frjálst um húsið er nauðsynlegt að fylgjast með ferðum þeirra og tryggja að hver nemandi fari á öll svæði og njóti þess sem í boði er. Á hverju svæði er merkt við hvern nemanda á þar til gerðu skráningarblaði á þrjátíu mínútna fresti Með þessu fyrirkomulagi getum við fylgst með hvaða svæði barnið velur sér á hvaða tíma dagsins og í raun og veru fer fram stöðugt símat. Tvisvar yfir veturinn eru foreldraviðtöl og er farið yfir hvaða svæði nemendur velja. Það er kennaranna að tryggja að allir nemendur fari á öll svæði og tryggi að að börnin nýti sér þá námsþætti sem eru í boði samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla.

Ýmsar athuganir eru gerðar á börnunum, á haustin eru atferlisathuganir lagðar fyrir börnin sem farið er yfir á foreldrafundum. Hreyfingarskrá er lagt fyrir á vorin fyrir börn frá fjögurra til sex ára. Mál og hljóðkerfisvitund er athuguð með HLJÓM-2 prófi í september og aftur í janúar ef þörf er á.

### Kynning á leikskólanum og foreldrasamstarf

Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann, þeim er ekki sérstaklega boðið en undanfarin ár hefur foreldrum verið sérstaklega boðið í bollukaffi á bolludaginn og hefur mæting og stemmning verið góð. Á allar hátíðar eru foreldrar velkomnir. Heimasíðan er aðalvettvangur upplýsinga en slóð hennar er [www.vesturberg.is](http://www.vesturberg.is), ný heimasíða er í hönnun á haustmánuðum. Einnig er áætlað að taka í notkun upplýsingakerfið mentor.is þar sem foreldrar fá aðgang að, en grunnskólar hafa notað kerfið í nokkur ár og það gengið vel.

Foreldrafélag er starfrækt í Vesturbergi og er formaður þess Katrín Aradóttir, í stjórn starfa sex aðrir foreldrar auk fulltrúa leikskólans. Félagið hefur verið öflugt og virkt.

Í nóvember verður kynningarfundur á starfi vetrarins, deildarstjórar verða til staðar og verður fundurinn meira byggður upp á spjalli en formlegri kynningu.

## Börn

Heilmikil fjölgun verður á barnafjölda í Vesturbergi en samkvæmt teikningu má gera ráð fyrir yfir níutíu börnum í leikskólanum.

## Starfsmenn

Samfara fjölgun barna eykst fjöldi starfsmanna og samkvæmt reiknilíkani má gera ráð fyrir tæpum tuttugu og fjórum stöðugildum í Vesturbergi.

Sú nýbreytni er að aðstoðarleikskólastjórar eru tveir í fimmtíu prósent stöðu hvor ein með önnur sérverkefni eins og sérkennslustjórn að auki. Fimm deildarstjórar starfa í fjórum stöðugildum auk matráða sem er nýbreytni í Vesturbergi.

Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári, í febrúar, en þá sér leikskólastjóri um samtölin en deildarstjórar ef þurfa þykir oftar. Starfsmannafundir í Vesturbergi eru haldnir um það bil níu sinnum á ári og vara þeir í fjórar klukkustundir í senn. Allir kennarar í Vesturbergi fara í unidrbúningstíma samkvæmt kjarasamningi sínum.

## Skipulagsdagar og námskeið

Þann 23. september verður námskeið fyrir deildarstjóra þar sem Mentor mun kynna þá möguleika sem mentor.is hefur upp á að bjóða. Skipulagsdagur haustannar verður haldinn 3. október og mun skipulag fyrir vetrarstarfið verða til umræðu auk þess sem nýútskrifaðir deildarstjórar kynna lokaverkefni sín við Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Annar skipulagsdagur vetrarins er 28. nóvember en þar fá kennarar námskeið í skyndihjálp, endurmat á starfinu fer fram auk skipulagsvinnu. Skipulagsdagur vorannar er sameiginlegur öðrum leikskólum á svæðinu og sameinast kennarar og sækja málþing á vegum 10. deildar FL sem verður þann 27. mars 2009. Síðasti skipulagsdagur skólaársins verður 29. maí en ákveðið verður síðar hvað fer fram.

## Kostnaðaráætlun vegna endurmenntunar

SOS námskeið	60.000 kr.
Skipulags dagar haustönn	120.000 kr.
Skipulags dagar vorönn	180.000 kr.
Ýmis fagnámskeið	150.000 kr.

## Að lokum

Það að nemendum og starfsfólki líði vel er það eitt af höfuðmarkmiðum okkar hér í Vesturbergi, að læra á nýtt hús, læra á ný börn og kennara er verkefni vetrarins.

Einkunnarorð okkar eru frumkvæði, vinátta og gleði og verða þessi orð rauði þráðurinn í starfi okkar sem og undanfarin ár. Við hvetjum börn okkar til að sýna frumkvæði í gjörðum sínum og ákvörðunum en einnig ætlumst við til að kennarar leikskólans sýni frumkvæði í starfi sínu.

Það er markmið okkar að halda einkennum okkar á lofti, vera áfram Vesturberg í því nýja og glæsilega húsi sem við erum komin í. Halda vel utan um starfsfólkið, börnin og foreldra þeirra. Starfsfólk er mjög áhugasamt, metnaðarfullt og spennt fyrir komandi vetri.

Við ætlum að vera glöð, ætlum að sýna frumkvæði og við ætlum að vera vinir.

---

Brynja Aðalbergsdóttir, leikskólastjóri.